

Mánudaginn 1. nóvember 1915.

Nr. 16/1915.

H. P. Duus

gegn

Jóni Benediktssyni.

D ó m u r :

Stefndi, Jón Benediktsson sjómaður í Reykjavík, var árið 1913 háseti á þilskipinu »Hákon« eign firmans H. P. Duus, og ráðinn upp á hálfdrætti, en með því honum þótti firmað telja fiskhluta sinn með lægra verði en eðlilegt væri og undir almennu gangverði á fiski, höfðaði hann mál á móti firmanu fyrir bæjarþingi Reykjavíkur og krafðist þess, að það yrði dæmt til að greiða sér uppbót á fiskinum, kr. 84,38. Lauk máli þessu svo, að með dómi uppkveðnum 28. janúar þ. á. var áfrýjandi þessa máls, firmað H. P. Duus, dæmdur til að greiða stefnda verð það, sem óvilhallir dómkvaddir menn, er þekkingu hafa á fiskiútgerð og fiskverkun, meta eftir almennu fiskverði hér í Reykjavík sumarið og haustið 1913 afla stefnda á fiskiskútunni »Hákon« s. á., fullverkaðan og upp úr salti, að frádregnu því verði, er áfrýjandi þegar hafði greitt upp í aflann, þó svo að áfrýjandi greiði eigi meira alls. en 72 kr. 89 aur., en málskostnaður var látinn falla niður.

Þessum dómi hefir áfrýjandi skotið til yfirdómsins með stefnu útgefinni 23. febrúar þ. á. og gert þær réttarkröfur *aðallega* að málinu verði vísað frá undirrétti, *til vara* að verða sýknaður af kærnum og kröfum stefnda, bæði aðalkröfum og varakröfum, og

til þrautavara að verða sýknaður af kröfum stefnda viðvikjandi fiskinum frá öðrum sumartúr og loks krefst áfrýjandi að sér verði tildæmdur hæfilegur málskostnaður fyrir báðum réttum eftir mati yfirdómsins.

Stefndi hefir að fenginni gjafvörn og gjafsókn til gagnáfrýjunar fyrir yfirdóminum og með skipuðum málaflutningsmanni, gagnáfrýjað málinu með stefnu útgefni 5. júní þ. á. og krefst hann þess, að hinum áfrýjaða dómi verði breytt þannig, að aðaláfrýjandi verði dæmdur til að greiða sér 84 kr. 38 aur. með 6% ársvöxtum frá sáttakærudegi til borgunardags, eða til vara að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur í öllum greinum og aðaláfrýjandi dæmdur til að greiða sér málskostnað fyrir yfirdómi eins og málið væri eigi gjafsóknarmál.

Frávisunarkrafa aðaláfrýjandans er bygð á því, að í undirréttarstefnunni og réttarkröfu gagnáfrýjanda var aðalkrafa hans kr. 84,38, en í sáttakærinni að eins krafist samtals kr. 72,89. Eftir skjölum málsins virðist samt ekki um það að villast, að krafan er hin sama í sáttakæru og stefnu, að eins upphæðin lægri í sáttarkærinni. Málinu verður því ekki vísað frá í heild sinni.

Eftir framlögðum reikningi frá aðaláfrýjanda er hálfdrætti gagnáfrýjanda og verð það er aðaláfrýjandi hefir gefið þannig:

Vetrarvertíð.

3 skpd. 158 pd. af þorski	1	72,00 kr.	251,55
162 — — —	2	62,00 —	31,38
30 — —smáfiski	1	60,00 —	5,62

8 pd. afsmáfiski	2	50,00 kr.	1,25-
2 — — ýsu	1	50,00 —	0,31
1 — — —	2	40,00 —	0,12
3 — — löngu	60,00 —		0,56-

Sumartúr I.

292 pd. af þorski	1	72,00 kr.	65,70
174 — — —	2	62,00 —	33,71
87 — — smáfiski	1	60,00 —	16,31
41 — — —	2	50,00 —	6,40
21 — — — léttv.	50,00 —		3,28
5 — — ýsu	1	50,00 —	0,78
16 — — —	2	40,00 —	2,00
6 — — löngu	60,00 —		1,12
1 — — upsa	28,00 —		0,08

Sumartúr II.

803 pd. af þorski	0,12 kr.	96,36
302 — — smáfiski	0,10 —	32,20
22 — — ýsu	0,08 —	1,76
22 — — löngu	0,10 —	2,20

Vetrarfiskurinn og fiskurinn úr fyrri sumarferð er talinn til þurfisksverðs, en fiskurinn úr annari sumarferð er talinn til blautfisksverðs. Gagnáfrýjandi telur fiskverð þetta of lágt um 10 kr. fyrir hver 160 kíló af fiski úr vetrarferð og fyrri sumarferð, en 4 aurum of lágt fyrir hvert kíló fiskjar úr annari sumarferð. Ágreiningsefnið í máli þessu er því það, eftir hverjum mælikvarða eigi að reikna verð hálfdrættisins, en í ráðningarsamningnum milli útgerðarmanns

eða skipstjóra annars vegar og stefnda hins vegar, er ekkert sagt um þetta.

Af hálfu gagnáfrýjanda er því haldið fram, að eins og venja sé hér, hafi aðaláfrýjandi tekið að sér að selja afla gagnáfrýjanda 1913 verkaðan og með því verði, er slíkur fiskur gangi kaupum og sölum hér á staðnum hæsta verði, enda hafi myndast sú venja hér, að útgerðarmenn greiði fiskimönnum fiskhluta þeirra með því verði, sem slík kaup fara fram hér á staðnum eða afreiknað með því verði. Telur gagnáfrýjandi þetta leiða af því, að útgerðarmaðurinn, sem í rauninni sé kommissionær, noti venjulega réttinn til að kaupa sjálfur og verði þá að sjálf-sögðu að gefa sama verð fyrir og aðrir hér á staðnum.

Af hálfu aðaláfrýjanda er því hinsvegar haldið fram, að þessi sé venjan, að hástar, sem ráðnir séu á þilskip, fái lánaða peninga fyrirfram hjá útgerðarmanni sínum um leið og þeir ráðist á skipin, og sumir jafnvel fyr, og þessi lán fái þeir mörgum mánuðum áður en þeir fari á skipin, og síðan haldi þeir áfram að fá peninga hjá útgerðarmanninum meira og minna allan útgerðartímann og skifti þessi lán mörgum hundruðum króna hjá hverjum háseta. Mundi útgerðarmaðurinn ekki veita þessi lán og það sérstaklega ekki mönnum, sem ekki eru fjáðari en hásetar alment, nema eitthvað komi á móti frá hásetum, en það séu loforð hásetanna, sem hálfdrættingar eru, til útgerðarmannsins um að hann skuli fá fiskinn og andvirði hans ganga til greiðslu á skuld hásetans. Sé þetta svo alkunnugt, að hver háseti viti fyrirfram, er hann ræður sig, að hans

hluti af aflanum er lofaður útgerðarmanni og útgerðarmaðurinn megi þarafleiðandi kaupa fiskinn sjálfur og viti hásetinn ennfremur fyrirfram, þegar hann ráði sig, að hann fái það verð fyrir fiskinn hjá útgerðarmanni sem aðrir kúttaraútgerðarmenn greiði sínum hásetum fyrir fiskinn það útgerðartímabil; annað eða meira hafi útgerðarmaðurinn ekki lofað hásetanum í þessu efni. Sé þetta fyrirkomulag orðið almenn margra ára gömul venja, er hver einn háseti þekki. Að hásetar eigi heimtingu á að fá hæsta verð fyrir fiskinn, sem gefið er hér, nái engri átt, markaðsverð á fiski breytist daglega erlendis, og sé ekki hægt að miða við það verð, er einhver kunnir að fá hér á staðnum. Að því er sérstaklega snertir fisk þann, er aðaláfrýjandi hafi fengið 1913, þá hafi hann getað gefið hásetum það verð fyrir fiskinn, sem hann gaf, sökum þess, að hann hefði þurkað mikið af vetrarfiskinum í þurkhúsi, sem honum hefði ekki borið skylda til, og selt hann smátt og smátt fyrir allgott verð. En ef hann hefði farið að spekulera með fiskinn fyrir reikning háseta og selt allan fiskinn til afhendingar á ákveðnum tíma síðar, þá mundi hásetar hafa skaðast á því vegna óþurkanna sumarið 1913. Sumarfiskurinn hafi ekki verið seldur árið 1913, en engu að síður hafi hásetum verið gefið meira fyrir hann en undanfarið og sé þó auðsætt hvað mikill kostnaður falli á fiskinn við það að geyma hann.

Þá er það tekið fram, að gagnáfrýjandi hafi fengið afhentan reikning sinn 1. desember 1913 og samtímis hafi honum verið borguð inneign hans 4 aurar. Hafi hann þá enga athugasemd gert við reikn-

inginn, hvorki um fiskverð eða annað, og þannig játað fullnaðarskil og samþykkt reikninginn í öllum atriðum, að aðaláfrýjandi hafi greitt gagnáfrýjanda jafnhátt verð fyrir fiskinn, sem aðrir kúttara-útgerðarmenn sunnan- og vestanlands greiddu hásetum sínum, og að aðaláfrýjandi hafi greitt gagnáfrýjanda það verð, sem samsvari því er hann (aðaláfrýjandi) hafi fengið fyrir fiskinn, að kostnaði frádregnum. Þá mótmælir aðaláfrýjandi því að það verð, sem einstakir menn kunna að hafa fengið fyrir fisk sinn árið 1913 og vottorð hafi komið fram um í málinu, geti verið mælikvarði, er meta á alment gangverð á fiski það ár hér í bænum.

Um fiskinn úr annari sumarferð tekur aðaláfrýjandi það sérstaklega fram, að hann hafi verið seldur upp úr salti og hásetum skýrt frá verðinu, áður en fiskurinn var veginn og afhentur aðaláfrýjanda, enda hafi það verið alment verð á fiski hér, bæði hjá áfrýjanda og öðrum. Hér sé því kominn á samningur milli aðila um sölu á þessum fiski, og hljóti það verð, sem þeir hafi komið sér saman um að leggjast til grundvallar. Í þessu sambandi hefir aðaláfrýjandi lagt fram viðurkenningu frá gagnáfrýjanda um að hann hafi verið vitandi um verðið, er fiskurinn úr annari sumarferð var lagður inn, en hann bætir því við, að hásetar aðaláfrýjanda hefðu ekki fengið að selja öðrum fiskinn, þótt hærra verð væri í boði, og þar sem annars er ekki færð sönnun fyrir því að samningur hafi komist á um verðið, þá virðist þessi sýknunarástæða ekki verða tekin til greina.

Það virðist heldur ekki rétt að byggja á því, að gagnáfrýjandi hafi samþykkt reikningsskilin, þótt svo

hefði verið, sem neitað er, að hann hefði tekið við þeim athugasemdarlaust í bráðina.

Hitt verður að teljast sannað að aðaláfrýjandi hafi gefið það verð fyrir fisk gagnáfrýjanda, sem útgerðarmenn sunnan- og vestanlands gáfu yfirleitt hásetum sínum, en það er ekki sannað í máli þessu gegn mótmælum gagnáfrýjanda, að það sé orðin venja hér að útgerðarmenn borgi hálfdrætti háseta með því verði, er útgerðarmenn yfirleitt gefa, án þess lagt sé alment gangverð til grundvallar.

Eftir því sem mál þetta liggur fyrir og annars eftir öllum atvikum verður að líta svo á, að aðaláfrýjandi hafi átt rétt á að kaupa umræddan afla gagnáfrýjanda án sérstakra samninga, en ekki með lægra verði en almennu gangverði það sumar og haust.

Það verð sem aðaláfrýjandi hefir greitt fyrir umgetinn afla gagnáfrýjanda er þetta, eins og áður segir, fyrir hver 160 kíló verkaðs fisks:

af þorski nr. 1	kr. 72.00
— — — 2	— 62.00
—smáfiski— 1	— 60.00
— öðrum smáfiski	— 50.00
— ýsu nr. 1	— 50.00
— — — 2	— 40.00
— löngu	— 60.00

Fiskinn upp úr salti hefir aðaláfrýjandi borgað fyrir hvert kíló þannig:

fyrir þorsk	24	aura
— smáfisk	20	—
— ýsu	16	—
— löngu	20	—

Sönnunargögn hafa komið fram um verð á fiski hér í bænum árið 1913 annað en verð það, er útgerðarmenn hafa gefið hásetum, en gögn þessi hafa mestmegnis snert einstaka sölugerninga, og ekki svo marga eða umfangsmikla að auðið sé að byggja á þeim til þess að kveða á um hvað telja megi hafa verið algengt verð á verkuðum eða óverkuðum saltfiski 1913. Á hinn bóginn virðast færðar líkur fyrir því, að saltfisksverðið hér hafi verið hærra nefnt ár en aðaláfrýjandi hefir greitt gagnáfrýjanda fyrir aflann. Því virðist rétt að fallast á niðurstöðu þá, er undirdómarinn hefir komist að, að taka til greina varakröfu gagnáfrýjanda að láta verð aflans vera komið undir dómi óvilhallra manna, sem þekkingu hafa á fiskiútgerð og fiskverzlun, þó svo, að gagnáfrýjanda ekki séu dæmdar meira en 72 kr. 89 aurar, og þar sem ákvæði undirdómsins um málskostnað samþykkjast, ber að staðfesta hann í öllum greinum. —

Málskostnaður fyrir yfirdómi virðist eiga að falla niður. Að því leyti sem málið hefir verið gjafvarnar- og gjafsóknarmál vottast að flutningur þess hefir verið lögmætur. Hinum skipaða málaflutningsmanni gagnáfrýjanda Sveini Björnssyni yfirréttarmálaflutningsmanni greiðist 35 kr. þóknun af almannafé.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði bæjarþingsdómur á að vera óraskaður. Málskostnaður falli niður. Mála-

flutningsmanni gagnáfrýjanda, Sveini Björnssyni yfirréttarmálaflutningsmanni greiðist 35 kr. þóknun af almannafé.

Dóminum ber að fullnægja innan 8 vikna frá löglegri birtingu hans að viðlagðri lagaaðför.

Mánudaginn 1. nóvember 1915.

Nr. 40/1915.

Þorleifur Guðmundsson
 gegn
 G. Gislason & Hay Ltd.

D ó m u r :

Mál þetta er höfðað í héraði af stefnda, firmanu G. Gislason & Hay Ltd. í Reykjavík gegn Þorleifi Guðmundssyni kaupmanni í Þorlákshöfn til greiðslu á 7958 kr. 43 aur., sem firmað taldi til skuldar hjá honum. Áfrýjandi taldi skuld þessa að fullu greidda í ársbyrjun 1913, en jafnframt höfðaði hann gagnsök gegn firmanu og krafðist þess til vara, að það yrði með eða án skuldajafnaðar dæmt til að greiða sér afgang skuldabréfsupphæðar 4000 kr. og fyrir vinnu 1000 kr. eða alls 5000 kr.

Málum þessum var ráðið til lykta með gestaréttardómi Reykjavíkur, uppkevðnum 11. júní þ. á., á þá leið að áfrýjandi var dæmdur til að greiða firmanu hina umstefndu skuld 7958 kr. 43 aur. með 6% ársvöxtum af 7579 kr. 46 aur. frá 1. jan. 1914